

Fundargerð 4. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Stofa 127, í Tæknigarði, HÍ.

Tími: 23. okt. 2012 kl. 9.00-10:30

Viðstaddir: Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Dagur Jónsson (DJ) og Íris Þórarinsdóttir (Íþ).

Forföll: Aldís Ingimarsdóttir (AI) og Jónas Elíasson (JE).

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 2. Vefsíða VAFRÍ
 3. Staða á málþinginu Líffræðileg hreinsun skólps
 4. Staða á innheimtu félagsgjalda
 5. Önnur mál
-

1. Fundargerð síðasta fundar

Ákveðið var að fara yfir fundargerð síðustu funda á næsta stjórnarfundi.

2. Vefsíða VAFRÍ

HÓA kynti vefsíðu VAFRÍ á vafri.hi.is og leiðbeiningar við að hanna vefsíðuna. Rætt var mikilvægi þess að huga að ímynd VAFRÍ út á við sem trúverðugur aðili í vatns- og fráveitumálum. Vefsíðan skuli endurspeglar þá ímynd. Fyrst um sinn er lögð áhersla á að vera með almennt kynningarefnni og draga saman þekkingu frá Íslandi. Allt myndefni skuli vera með heimild eiganda myndefnis, og ekki notast við almennt myndefni aðgengilegt á netinu. DJ og Íþ var falið að finna myndefni fyrir vefsíðuna, bæði skematískar af uppbýgingu vatns- og fráveitna og tæknilegar frá rekstri veitna. DJ var falið að skrifa nánara fræðsluefni um vatnsveitur og yfirfara ensku þýðinguna á hlutverki félagsins. Íþ og HÓA var falið að utfæra nánara fræðsluefni um skólphreinsun.

3. Kynning á málþinginu Líffræðileg hreinsun skólps

Íþ tilkynnti að rúmlega 40 manns hefðu skráð sig á þingið. Þáttakendur eru frá mörgum landssvæðum, frá breiðum hópi t.d. heilbrigðisfulltrúar, verkfræðingar á stofum og aðrir áhugamenn. HÓA var falið að uppfæra dagskrá þingsins fyrir lok vikunnar. HÓA mun hafa aftur samband við umhverfisráðherra varðandi að setja málþingið. Stefnt er að því að senda annan kynningarpóst á meðlimi VAFRÍ eftir fund með Samorku (sjá lið 5a), með uppfærðri dagskrá. Íþ mun tala aftur við Verkfræðingafélag Íslands, verkfræðinga á VERKÍS og fleiri verkfræðistofum. Undirbúningsfundur verður haldinn með fyrillesurum og panel fimmtudaginn 1. Nóvember kl. 9. Markmiðið með fundinum er að samstilla

fyrirlesara og ræða mikilvægi að halda sig innan tímamarka. Farið verður yfir leiðbeiningar um ritun greina í ráðstefnurit sem sendar voru í síðustu viku.

4. Staða á innheimtu félagsgjalda

Íþ stefnir að innheimtu félagsgjalda í nóvember.

5. Önnur mál

- a. DJ minnti stjórn á fund með framkvæmdastjóra Samorku nk. fimmtudag, 25. október, kl. 13:15. Á fundinum er markmiðið að ræða hvernig Samorka getur lagt VAFRÍ lið, t.d. með innheimtu félagsgjalda (hliðstætt og þeir gera fyrir Jarðhitafélag Íslands), auglýsa viðburði og halda fjarfundi. Rædd verður aðkoma Samorku að málþinginu um líffræðilega hreinsun skólps og farið yfir hvernig VAFRÍ kynnir Samorku á vefsíðu sinni.
- b. HÓA deildi ábendingu sem henni barst um að markaður fyrir að endurnýja skóplagnir væri dýr á Íslandi. Spurning um hvort VAFRÍ geti beitt sér fyrir því að kanna hver sé eðlilegur kostnaður við slíkar framkvæmdir í nágrannalöndunum. Stjórn var sammála að endurnýjun lagna væri stórt hagsmunamál hvort sem litið væri á einstaklinga eða veitur. Stjórn VAFRÍ mun íhuga rökrétt næstu skref.
- c. Næsti viðburður VAFRÍ er málþing um vatnsveitumál að vori 2013. DJ var falið að finna áhugavert viðfangsefni fyrir slíkt málþing. Jafnfram var rætt um möguleika á framhaldsmálstofum á sviði lífrænnar hreinsunar, t.d. það að kynna nýlegar ástandsskýrslur um áhrif skólps á viðtaka, á vorönn 2013.
- d. Næsti og síðasti stjórnarfundur VAFRÍ á árinu 2013 verði þriðjudaginn 20. Nóvember kl. 9-10:30.

Fundi var lokið um kl. 10:55

Fundarritari: Hrund Andradóttir, hrund@hi.is